

Alþingi  
Erindi nr. P 138/1074  
komudagur 17.2.2010

	<b>Efnahags- og viðskiptaráðuneyti</b>	
	<b>Minnisblað</b>	

Minnisblað  
Almennt

Valkostir skjals:

Áminningar

	Áskriftir:
--	------------

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**

Sendandi: **Efnahags- og viðskiptaráðuneytið**

Dagsetning: **16.02.2010**

Málsnúmer: **EVR09110031**

Bréfalykill: **5.1**

Efni: **Umfjöllun um umsagnir við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi**

Tilmæli ráðherra:

**Texti:**

Ráðuneytinu hafa borist umsagnir við frumvarp til laga um váttryggingastarfsemi sem nú liggur fyrir Alþingi. Er umfjöllun umsagna í einhverjum tilfellum almenns eðlis og verður aðeins fjallað um þær sem varða efni einstakra greina.

5. gr.

SA/SFF/Tryggingamiðstöðin hf./Viðskiptaráð Íslands gagnrýna að fyrir þurfi að liggja samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og heimaríkis þjónustuveitanda.

Ráðuneytið getur fallist á að texti frumvarpsins setur fullmiklar kvaðir á FME um sjálfstæða samningsgerð í ljósi þess að í reynd er það CEIOPS, eða nefnd eftirlitsaðila á váttrygginga- og eftirlaunasviði Evrópusambandsins, sem gerir slíka samninga. Leggur ráðuneytið til að 2. másl. 2. mgr. 5. gr. verði svohljóðandi: *Aðeins er heimilt að endurtryggja frumtryggingaráhættu, sbr. 1. mgr., hjá endurtryggingafélagi í þriðja ríki að fyrir liggi samstarfssamningur við*

*eftirlitsstjórnvald í heimaríki viðkomandi endurtryggingafélags um gagnkvæmt eftirlit með starfsemi endurtryggingafélaga, sem Fjármálaeftirlitið viðurkennir.*

7. gr.

Fjármálaeftirlitið leggur til að ný málsgrein bætist við greinina. Ráðuneytið styður tillöguna og leggur til að ný 2. mgr. 7. gr. verði svohljóðandi: *Nafn váttryggingafélags skal koma skýrt fram í öllum tilkynningum, þ.á m. auglýsingum, þess.*

9. gr.

SA/SFF leggja til breytingu á skilgreiningu á líftryggingu. Í sjálfu sér telur ráðuneytið að báðar tillögurnar, þ.e. sú sem er í frv. og tillaga SA/SFF, séu efnislega eins. Ekki sé því tilefni til þess að breyta texta.

17. gr.

SA/SFF leggja til breytingu á 1. tölul. 1. mgr. og telur ráðuneytið tillöguna til bóta. Töluliðurinn verði því svohljóðandi: *Í hvaða gjaldmiðli bókhald félagsins skuli fært og ársreikningar gerðir, sbr. 55. gr.*

31. gr.

SA veltir því fyrir sér hvort öll váttryggingafélög, stór sem smá, þurfi að reikna aðlagð gjaldþol. Því er til að svara að hinar almennu reglur um hvernig staðið skuli að útreikningi aðlagðs gjaldþols er að finna í 4. og 5. mgr. greinarinnar. Í 6. mgr. er vísað til þess að Fjármálaeftirlitið gefi út ítarlegri reglur um útreikninginn og, eftir atvikum, hvaða váttryggingafélög geti verið undanþegin því að reiknað aðlagð gjaldþol. Aðlagð gjaldþol er mælikvarði á gjaldþol váttryggingafélaga í samstæðu, óháð gerð samstæðunnar. Því þarf að reikna aðlagð gjaldþol vegna allra váttryggingafélaga sem eru hluti af samstæðu. Það að takmarka útreikninginn við váttryggingafélag sem á annað váttryggingafélag að dótturfélagi eða hlutdeildarfélagi var röng innleiðing á tilskipun 98/78/EB eins og rakið var í breytingartillögu Fjármálaeftirlitsins við þáverandi gerð frumvarpsins, dags. 17. febrúar 2009.

41. gr.

Viðskiptaráð Íslands leggur til að sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í váttryggingafélagi skuli leita fyrirfram samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir kaupunum. Ráðuneytið leggst gegn þessari tillögu þar sem hún myndi ganga gegn ákvæðum þeirrar tilskipunar Evrópusambandsins (44/2007/ESB) sem verið er að innleiða.

42. gr.

Viðskiptaráð Íslands telur að ákvæði greinarinnar (um tímatakörk eftirlitsaðila) séu ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 44/2007/ESB. Ráðuneytið er þessu ósammála.

45. gr.

Ráðuneytið áttar sig ekki á því sem segir í umsögn Viðskiptaráðs Íslands um ákvæði 45. gr. Svo virðist sem ráðið geri sér ekki grein fyrir þeim efnismun sem er á ákvæðum 45. og 46. gr. frv.

54. gr.

SA/SFF/Viðskiptaráð Íslands gera athugasemdir við ákvæði 54. gr. frv. Eru þær að mismunandi toga en eiga það þó sammerkt að umsagnaraðilum finnast þrengdar verulega heimildir manna til stjórnarsetu, auknar hæfiskröfur og Fjármálaeftirlitinu gefið víðtækt vald til mats.

Nokkrar þeirra breytinga sem lagðar eru til með frumvarpinu var ekki að finna í eldri útgáfum þess. Meðal slíkra breytinga má nefna breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðum um stjórnir. Breytingar þessar miða að því að samræma sem best ákvæði laga um váttryggingastarfsemi og ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, en fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki. Breytingar þessar eru tilkomnar vegna tillagna sérfræðings sem stjórnvöld fengu til þess að gera úttekt á innlendu lagaumhverfi fjármálamarkaðar sem og vegna breytinga sem verið er að ráðast í á vettvangi Evrópusambandsins.

Það er vissulega rétt að hert er á hæfisskilyrðum og FME eru færð beittari vopn en áður, m.a. hvað varðar matskennd atriði. Þótt slíkt gangi vissulega gegn þeirri venju að lög innihaldi tæmandi upptalningu á heimildum aðila eins og FME, eru tillögur frumvarpsins engu að síður í samræmi við tillögur hins virta sérfræðings.

Þrátt fyrir það sem að framan segir getur ráðuneytið, fyrir sitt leyti, fallist á að samræma megi betur texta frumvarpsins við texta frumvarps um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki. Leggur ráðuneytið til að 5. mgr. og 6. mgr. 54. gr. verði svohljóðandi:

*5. mgr. Stjórnarmenn mega ekki eiga sæti í stjórn annars váttryggingafélags eða aðilum tengdum því né vera starfsmenn, lögmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars váttryggingafélags eða tengdra félaga. Starfsmönnum váttryggingafélags er ekki heimilt að sitja í stjórn viðkomandi váttryggingafélags.*

*6. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 5. mgr. getur stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags, fjármálafyrirtækis eða fjár-málasamsteypu ef um er að ræða dóttur - eða hlutdeildarfélag fyrrnefnda félagsins eða félag sem er dótturfélag eða*

*hlutdeildarfélag félags með yferráð í fyrrnefnda félaginu. Sama gildir um lögmann móðurfélags. Stjórnarseta samkvæmt þessari málsgrein skal háð því að hún skapi ekki, að mati Fjármálaeftirlitsins, hættu á hagsmunaárekstrum á fjármáلامarkaði. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármáلامarkaði svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur váttryggingafélagsins.*

Í umsögn VÍ er því haldið fram að ákvæði 54. gr. eigi sér ekki hliðstæðu í tilskipun 44/2007/ESB. Hér gæti misskilnings þar sem ákvæði VII. kafla eru ekki til innleiðingar á þeirri tilskipun. Ekki er því tilefni til að leita hliðstæðna við ákvæði þessi í tilskipuninni.

55. gr.

SA/SFF og Ríkisskattstjóri fjalla um ákvæði greinarinnar í sínum umsögnum. Í samræmi við tillögur RSK leggur ráðuneytið til eftirfarandi breytingar:

1. Orðið „skýringar“ bætist við í 2. másl. 1. mgr. á eftir orðinu „sjóðsstreymi“.
2. Lokamálsliður 1. mgr. verði svohljóðandi: *Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu váttryggingafélags og skal saminn í samræmi við settar alþjóðlegar reikningsskilareglur, sbr. VIII. kafla laga um ársreikninga.*
3. Orðin „og settar reikningsskilareglur“ í 1. másl. 4. mgr. falli brott.

56. gr.

SA/SFF, Félag löggiltra endurskoðenda, Endurskoðendaráð og Ríkisskattstjóri fjalla um ákvæði greinarinnar í sínum umsögnum. SA/SFF telur ákvæði lokamálsgreinarinnar óþörf og mælast til þess að meginregla 20. gr. laga um endurskoðendur varðandi starfstíma endurskoðenda sé látin gilda. Endurskoðendaráð segir í sinni umsögn að skoða þurfi ákvæði greinarinnar betur m.t.t. laga um endurskoðendur og FLE, sem ekki gerir athugasemdir við tímatakörkin, telur að huga þurfi að stöðu þeirra sem eru að starfa fyrir váttryggingafélög við gildistöku laganna. Ríkisskattstjóri bendir á að bæta þurfi tilvísun til endurskoðunarfyrtækis við í 2. másl. 1. mgr.

Ráðuneytið getur ekki samþykkt að með ákvæðum frumvarpsins um styttn samfelldan starfstíma endurskoðenda eða endurskoðunarfyrtækja fyrir váttryggingafélög sé gengið of hart fram. Ekki er að finna tilvísun til endurskoðunarfyrtækja í 3. mgr. 20. gr. laga um endurskoðendur en frumvarpið gerir ráð fyrir því að ekki sé nægjanlegt að skipta um endurskoðanda innan sama endurskoðunarfyrtækis til þess að ná markmiðum ákvæðisins, sem er aukið aðhald og gagnrýnni umfjöllun þeirra sem koma að endurskoðun. Þeim markmiðum verður, að mati ráðuneytisins, best náð með því að endurskoðendur megi eiga von á því að þeir sem taka við endurskoðun á tilteknum fyrtækjum munu geta lagt mat á vinnubrögð forvera sinna.

Í samræmi við tillögu RSK leggur ráðuneytið til að orðunum „*eða endurskoðunarfyrtæki*“ verði bætt við 2. másl. 1. mgr., á eftir „endurskoðendur“.

58. gr.

SA/SFF óska eftir því að FME hafi heimild til þess að gefa lengri skilafrest á ársreikningi en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Þótt ráðuneytið hafi ekki sterkar skoðanir á tillögu þessari hallast það þó að því að full þörf sé á að afmarka fresti eins og kostur er.

59. gr.

Til þess að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að fylgja eftir ákvæði um skýrsluskil, leggur FME til viðbót við 1. másl. 1. mgr. Ráðuneytið styður tillögu þessa og leggur til að á eftir orðinu „það“ í 2. línu komi „*innan þriggja mánaða frá lokum reikningsárs*“.

62. gr.

SA/SFF og Ríkisskattstjóri fjalla um efni greinarinnar í sínum umsögnum. Til samræmis við þá breytingu sem SA/SFF leggur til varðandi 17. gr. frumvarpsins og þessa grein, leggur ráðuneytið til að í stað orðsins „mynt“ í 5. mgr. komi „*gjaldmiðli*“.

Ríkisskattstjóri leggur til að 5. mgr. verði breytt á þann veg að vísað sé til heimildar Ársreikningaskrár um færslu bókhalds í erlendri mynt. Tillaga þessi gengur þvert gegn tillögu frumvarpsins, sbr. 17. gr., að váttryggingafélög ákveði sjálf starfsrækslugjaldmiðil sinn en ekki opinber stofnun. Ætla má að vandað hagsmunamat liggi til grundvallar ákvörðun félags um að færa bókhald sitt í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu og verður ekki komið auga á að aðrir en félagið sjálft, eða aðilar á þess vegum, geti staðið að slíku mati. Ákvæði 5. mgr. greinarinnar er aðeins ætlað að tryggja að FME þurfi ekki að standa straum af kostnaði við að umreikna fjárhagslegar stærðir yfir í íslenskar krónur.

103. gr.

Ríkislögreglustjórinn leggur til að í stað orðanna „opinber rannsókn“ í 1. og 2. mgr. greinarinnar komi „*sakamálarannsókn*“. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við þá tillögu.

Annað

Ríkislögreglustjórinn hefur sent inn umsögn sem virðist snúa að frumvarpi sem þegar er orðið að lögum, nr. 55/2007. Ráðuneytið bendir á að undirbúningur að setningu þeirra laga tók langan tíma og átti embætti Ríkislögreglustjóra aðild að þeirri vinnu.

Ráðuneytið telur afar varhugavert að hreyfa við viðurlagaákvæðum í lögum á fjármálamarkaði án vandaðs undirbúnings og setur sig því upp á móti hugmyndum Ríkislögreglustjóra.

SA/SFF fjalla nokkuð um gildistöku einstakra ákvæða. Ráðuneytið telur eðlilegt að komið sé til móts við hugmyndir um aðlögunartíma eins og kostur er en telur ekki tímabært að taka afstöðu til einstakra tillagna.